



Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 og forsendur fimm ára áætlunar 2020-2024, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 10. maí sl. Heildarspá Hagstofunnar má sjá í viðauka.

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%).

Breytingar milli ársmeðaltala %	Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar							
	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	
Einkaneysla	4,8	2,4	2,8	3,0	2,8	2,6	2,5	
Samneysla	3,3	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4	2,4	
Fjármunamyndun	2,1	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5	3,4	
Útflutningur vöru og þjónustu	1,6	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5	2,5	
Innflutningur vöru og þjónustu	0,1	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9	2,8	
Verg landsframleiðsla	4,6	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6	2,5	
Vísitala neysluverðs	2,7	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5	
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	3,9	7,8	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	
Launavísitala*	6,5	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1	

*Breytingar á launavísitölu (nafnlaun) eru ekki birtar í spátöflu þjóðhagsspár Hagstofunnar og eru því reiknaðar út frá spá fyrir breytingu á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2019 og 2020, þ.e. á milli ársloka 2018 og 2019 annars vegar og ársloka 2019 og 2020 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2019	2020
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,10%	2,73%

Töluverðar sviptingar hafa átt sér stað í íslensku efnahagslífi á undanförunum mánuðum. Eftir mikinn hagvöxt síðustu ára spáir Hagstofan nú í ár samdrætti í fyrsta sinn síðan árið 2010 vegna versnandi horfa í útflutningi sem einkum má rekja til gjaldþrots WOW air og staðfestingu á því að enginn loðnukvóti verði gefinn út. Hagstofan telur að samdrátturinn vari ekki lengur en um eitt ár og að hagkerfið leiti fljótt aftur í jafnvægisvöxt strax á árinu 2020 og haldist þar út spátímabilið.


Samkvæmt spánni munu undirliðir landsframleiðslunnar þróast með áþekkingu hætti frá árinu 2020 en á árinu 2019 er spáð að draga muni töluvert úr fjármunamyndun og munar þar helst um samdrátt í atvinnuvegafjárfestingu sem dregst saman um 10,1% á milli ára ásamt fjárfestingu hins opinbera sem dregst saman um 3,5% milli ára. Á móti kemur er áframhald á kröftugum vexti í íbúðafjárfestingu sem eykst um 16,2% á milli ára þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr hækkun á húsnæðisverði sem mældist um 5% á fyrsta ársfjórðungi 2019.

Stígandi hefur verið í verðbólgunni að undanförunu og er ársbreyting vísitölu neysluverðs komin í 3,6% þegar þetta er ritað en í desember 2018 náði hún 3,7% sem er hæsta gildi hennar síðan 2013. Hagstofan

spáir því að breyting ársmeðaltala vísitölunnar verði 3,4% á árinu og lækki svo í 3,2% árið 2020 en haldist svo rétt ofan við verðbólguþröngu Seðlabanka Íslands sem næst síðan í lok spátímans.

Gengi íslensku krónunnar veiktist um 4% á árinu 2018 og núna í lok júní 2019 hefur hún veikst um 8,2% sem er í takt við spá Hagstofunnar fyrir árið 2019. Seðlabanki Íslands hefur beitt hóflegum inngrípum frá síðasta hausti til að sporna við veikingu krónunnar. Hagstofan gerir ekki ráð fyrir miklum gengisbreytingum á áætlunartímabilinu 2020-2024.

Eftir mikinn uppgang í efnahagslífinu á undanförunum árum er ljóst að spennu á vinnumarkaði er að minnka. Búist er við því að hægja muni á innflutningi erlends vinnuafns næstu árin eftir því sem hægir á í hagkerfinu. Ef hlutfall starfandi íbúa á höfuðborgarsvæðinu er skoðað sjást skýr merki um minnkandi spennu á vinnumarkaði. Hlutfallið er mun minna en þegar það náði hápunkti á uppgangstíma fyrir hrun og er einnig minna en staðbundna hágildið á síðasta uppgangstíma (1.ársfjórðungur 2017) en er þó yfir langtíma-meðaltali 2003_{A4}-2019_{A1}. Seðlabankinn spáir því að heildarvinnustundir hagkerfisins aukist einungis um 0,1% á árinu 2018 og um 1,7% árin 2020 og 2021.



Atvinnuleysi var 3% að meðaltali á fyrsta ársfjórðungi 2019 en talið er að 1600 manns hafi orðið atvinnulausir í lok mars. Nýjustu tölur Hagstofunnar sýna að atvinnuleysi núna í maí 2019 er 6,1% sem er talsvert meira en mánuðina á undan og 3,1 prósentustigum hærra en í maí 2018. Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði á bilinu 3,7-4,0% frá 2019-2024.

Verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað töluvert síðastliðin ár og náði hámarki árið 2017 en nokkuð hefur dregið úr hækkunum síðan þá og var hækkunin rúm 8% árið 2018 og er um 5% á fyrsta ársfjórðungi 2019. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir hóflegri hækkun á íbúðaverði. Á fyrsta ársfjórðungi 2019 hefur komum ferðamanna fækkað um 4,7% og gistinóttum um 3,2%. Á þessum tíma hafði WOW Air fækkað ferðum en féll þó ekki fyrr en í lok fjórðungsins og því má búast við talsvert meiri áhrifum í öðrum ársfjórðungi.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru samþykktir í apríl síðastliðnum og hefur óvissa um launaþróun minnkað þó enn sé óvissa um heildarniðurstöðu fyrir vinnumarkaðinn. Launahækkningar voru hófsamar til þess að stuðla að auknum verðstöðuleika og lægra vaxtastigi. Ein af forsendum kjarasamninganna voru að meginvextir Seðlabanka Íslands myndu lækka um 0,75 prósentustig fyrir september 2020. Seðlabankinn hefur þegar lækkað meginvexti sína tvívegis um samtals 0,75 prósentustig síðan kjarasamningar voru samþykktir vegna minnkandi verðbólguvæntinga, launaþróunar og spennu í þjóðarbúskapnum. Greiningaraðilar gera jafnframt ráð fyrir að meginvextir munu lækka enn frekar á næstu misserum.

Vegna þróunar á helstu hagstærðum síðastliðna mánuði og skýrra vísbendinga um frekari samdrátt á næstu misserum í hagkerfinu er mikilvægt að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2020 geri ráð fyrir aðhaldi og fimm ára áætlun til ársins 2024 taki mið af hófsömum vexti útgjalda bæði til rekstrar og fjárfestinga. Þannig má stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar og mynda svigrúm til þess að mæta mögulegum áföllum. Einnig er vert að minna á að í lífskjarasamningunum er ákvæði til að stuðla að verðstöðuleika. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í því sambandi mælt til þess með yfirlýsingu dags. 3. apríl 2019 að sveitarfélögin hækki gjöld sín að hámarki um 2,5% árið 2020 og minna ef verðbólga er minni.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

Viðauki: Þjóðhagsspá Hagstofu frá 10. maí sl.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 10. maí sl.							
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	4,8	2,4	2,8	3	2,8	2,6	2,5
Samneysla	3,3	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4	2,4
Fjármunamyndun	2,1	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5	3,4
Atvinnuvegafjárfesting	-5,4	-10,1	4,9	2,1	3,4	4,9	4,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	16,7	16,2	9	5,3	4,7	3,6	3,7
Fjárfesting hins opinbera	21,2	-3,5	7,6	4,6	-4,2	-2,1	-1,4
Þjóðarútgjöld, alls	4,1	0,5	3,1	2,7	2,5	2,8	2,7
Útflutningur vöru og þjónustu	1,6	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	0,1	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9	2,8
Verg landsframleiðsla	4,6	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	3,1	1,9	1,4	1,5	1,5	1,3	1,2
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	2,9	1,2	0,6	0,8	0,8	0,6	0,5
VLF á verðlagi hvers árs (ma.kr.)	2.803	2.890	3.070	3.241	3.412	3.594	3.780
Vísitala neysluverðs	2,7	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala	3,9	7,8	0,2	0	0	0	0
Raungengi	-2,9	-5,8	1,1	0,6	0,6	0,5	0,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,7	3,7	3,8	3,8	3,9	4,0	4,0
Launavísitala*	6,5	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1
Hagvöxtur í heldstu viðskiptalöndum	2,1	1,7	1,8	1,7	1,7	1,7	1,6
Alþjóðleg verðbólga	1,9	1,6	1,9	1,9	2,0	2,1	2,1
Verð útflutts áls	13,2	-9,0	0,5	1,1	1,8	1,8	1,8
Olíuverð	30,6	-5,3	-1,6	0,0	0,5	1,1	1,2